



STARFSÁÆTLUN

BÍLDUDALSSKÓLI 2025-2026

BÍLDUDALSSKÓLI
STRANDGÖTU 7
465 Bíldudal

Efnisyfirlit

Inngangur	3	Tilvísun og samráð við foreldra	17
Áherslur í skólastarfi 2025-2026	3	Einstaklingsnámskrár	17
Hagnýtar upplýsingar um skólann	4	Talpjálfun og sálfræðipjónusta.....	17
Bíldudalsskóli	4	Námsráðgjöf	17
Leikskólinn Tjarnarbrekka.....	4	Áætlanir og stefnur.....	18
Opnunartími	4	Móttaka nýrra nemenda	18
Forföll/leyfi nemenda	4	Læsisstefna	18
Leikskóli	4	Rýmingaráætlun	19
Grunnskóli.....	4	Viðbrögð við óveðri	19
Skólinn í tölum	5	Áfengis- og fíknivarnir.....	19
Mötuneyti og nesti	6	Eineltisáætlun	19
Námsgögn	6	Móttaka nýrra nemenda	19
Frístund.....	6	Öryggisáætlun	20
Skólabókasafn.....	7	Áætlanir og stefnur.....	20
Skipulag.....	7	Innra mat	20
Nemendur og kennarar	7	Lokaorð	22
Skóladagatal Bíldudalsskóla.....	7		
Starfsáætlun nemenda	7		
Stóra upplestrarkeppnin.....	9		
Íþróttamót	9		
Valgreinar	9		
Stundaskrá 2025-2026.....	10		
Foreldrasamskipti	10		
Nemendaviðtöl	10		
Mannauður	11		
Stjórnskipulag skólans, skipurit	12		
Skólastjóri	12		
Skólaráð	12		
Foreldrafélag.....	14		
Nemendafélag – og nemendaráð	14		
Skólabragur, skólareglur og ástundun	15		
Heilsuvernd grunnskólabarna í Vesturbyggð ...	15		
Stoðþjónusta nemenda.....	16		
Lausnateymi skóla.....	17		

Inngangur

Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Í árlegri starfsáætlun er, m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, skólaþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru birtar upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla er árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún sé unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólalahlds.

Áherslur í skólastarfi 2025-2026

Bíldudalsskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk en haustið 2017 voru leik- og grunnskóli sameinaðir undir einni yfirstjórn. Leikskólinn Tjarnarbrekka er fyrir nemendur frá 12 mánaða til 6 ára og er fyrsta skólastigið. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska.

Helstu áherslur í skólastarfi Bíldudalsskóla eru fjölbreytt og skapandi nám þar sem einstaklingsmiðun er sett á oddinn. **Uppbyggingarstefnan, leiðsagnarnám, teymisvinna og kennsla, og þróun námsmatsstefnu í samræmi við námsvísa skólans.** Einnig er Bíldudalsskóli að innleiða stefnuna **Heillaspor í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.** Samvinna allra í skólasamfélaginu þar sem faglegt lærdómssamfélag og fagleg samstafsmenning er einnig einn af áherslupáttunum.

Vorið 2022 var tekin sú ákvörðun að hefja innleiðingu skapandi skólastarfs sem rímar við [skólastefnu sveitarfélagsins sem var endurskoðuð 2022](#). Bíldudalsskóli hefur einsett sér að innleiða gæða skólastarf sem byggir á gæðaviðum og innleiðingaráætlun sveitarfélagsins og menntastefnu ríkisins. Reglubundið innra mat sýni með hvaða hætti innleiðingin stendur hjá skólanum. Innra mats skýrsla skólans að vori sýnir stöðu skólans gagnvart þeim gæðaviðmiðum sem liggja til grundvallar.

Sérstök áhersla verður lögð á að útfæra námsmatið við skólann vel. Námsmatsstefna hefur verið útbúin og skýr viðmið um námsmat samtöl við nemendur. Umsjónarkennari hittir nemanda amk. þrisvar sinnum á hverri önn auk þess sem nemandinn boðar til nemendastýrð viðtals á sex vikna fresti. Í vetur er fyrirhugað að fylgja námsmatsáætluninni vel eftir og taka svo góðan tíma í vor í að endurskoða hana. Búið er að taka frá tíma á fundaáætlun fyrir endurskoðunina. Markmiðið er að námsmat sé skýrt, áreiðanlegt og kerfisbundið.

Heillaspor (Nurture) er verkefni sem Bíldudalsskóli tekur þátt í að innleiða ásamt öllum leik- og grunnskólum Vesturbyggðar. Heillaspor snýst um að mæta grunnþörfum barna á leik- og grunnskólaaldri enn betur sem og félagslegum og námslegum þörfum.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Bíldudalsskóli

Strandgata 7
465 Bíldudal
Sími: 450-2333
Netfang: liljarut@vesturbyggd.is
Skólastjóri: Lilja Rut Rúnarsdóttir

Leikskólinn Tjarnarbrekka

Tjarnarbraut 11

465 Bíldudal
Sími: 450-2344
Netfang: liljarut@vesturbyggd.is
Leikskólastjóri : Lilja Rut Rúnarsdóttir

Opnunartími

Skólinn er opin frá kl. 7:45-16:00 alla virka daga.

Leikskólinn Tjarnarbrekka er opin frá kl. 7:45-16:15 alla virka daga.

Forföll/leyfi nemenda

Leikskóli

Foreldrum ber að láta starfsfólk vita um allar breytingar varðandi mætingu barna vegna veikinda eða leyfa. Hægt er að skrá veikindi í Mentor/Karellen og skilja eftir athugasemd. Ekki er aðstaða til að annast sjúk börn. Í leikskóla er alltaf meiri hætt á smiti og útbreiðslu algengra umgangssesta. Fá barn smitandi sjúkdóm á það að vera heima, þar til smithætta er liðin hjá til að forðast að smita aðra í leikskólanum. Ef barn veikist á meðan það er í leikskólanum er hringt í foreldra þess og þeir beðnir um að sækja barnið. Barn getur fengið að vera inni í 2 daga eftir hita veikindi að beiðni foreldra að höfðu samráði við deildarstjóra eða leikskólastjóra, enda hafi það verið heima 1 – 2 daga hitalaust.

Grunnskóli

Forfallatilkynningum er hægt að koma á framfæri í síma 450 2333, á vef Mentor eða með tölvupósti til umsjónarkennara eða skólastjóra.

Leyfi til lengri tíma en 2ja daga þarf að sækja um rafrænt á vef Vesturbyggðar og verður henni komið áleiðis til umsjónarkennara. Öll röskun á námi nemanda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008 sem hljóðar svo:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Um áherslur í námi: Áherslur og verkefni vísast til upplýsinga í Askinum (og í samráði við kennara).

Kennurum Bíldudalsskóla er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra.

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólastjóra sem leggur umsókn fyrir farsældarráð Vesturbyggðar til umsagnar.

Skólinn í tölum

Grunnskólinn

Fjöldi almennra kennslustunda:

- 1.-4. bekkur (1. bekkur: 3 nemendur, 2. bekkur: 1 nemendur, 3. bekkur: 2 nemendur, 4. bekkur: 1. nemendur), 30 kest. á hvern bekk.
- 5.-7. Bekkur (5. bekkur: 3 nemendur, 6. bekkur: 0 nemendur, 7. bekkur 0 nemendur) 35 kest. á hvern bekk.
- 8.-10. Bekkur (8. bekkur 3 nemendur, 9. bekkur 4 nemendur, 10. bekkur 2 nemendur) 37 kest. á hvern bekk.

- **Fjöldi stöðugilda í kennslu: 4**
- Fjöldi stöðugilda í stjórnun: 1,3
- **Fjöldi stöðugilda í stoðþjónustu: 1**
- Fjöldi stuðningsfulltrúa: 3

Nemendafjöldi grunnskólans:

Bíldudalsskóli	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennarar:
1.bekkur	2	1	3	Áslaug Stella Steinarsdóttir og Emilía Sara Bjarnadóttir
2.bekkur	1	0	1	
3.bekkur		2	2	
4.bekkur	0	1	1	
5.bekkur	3	0	3	Áslaug Stella Steinarsdóttir og Emilía Sara Bjarnadóttir
6.bekkur	0	0	0	
7.bekkur		0	0	
8.bekkur	1	3	4	Anna Vilborg Rúnarsdóttir og Klara Berglind Húnfjörð Hjálmarsdóttir
9.bekkur	2	2	4	
10.bekkur	0	2	2	
Samtals	9	11	20	

Nemendafjöldi leikskólans:

Nemendur:	Drengir	Stúlkur	Alls
2024 árgangur	2	0	2
2023 árgangur	0	0	0
2022 árgangur	0	1	1
2021 árgangur	3	1	4
Samtals	5	2	7

Mötuneyti og nesti

Nemendur á yngsta og miðstigi borða nesti sitt fyrir eða eftir frímínútur sem hefjast kl. 9:10. Unglingastigið borðar nestið sitt á meðan á frímínútunum stendur. Nesti hafa nemendur með sér að heiman og mælst er til að hollusta sé í fyrirrúmi. Skólanesti á að vera hollt og gott og í takt við leiðbeiningar embættis landlæknis sem er að finna hérna. Við sérstök tilefni geta kennarar heimilað að nemendur komi með annars konar nesti. Í vetur er maturinn eldaður af veitingastaðnum Vegamótum á Bíldudal. Nemendur borða í Baldurshaga alla daga vikunnar, frá mánudegi til föstudags. Nemendur sem koma með nesti að heiman hafa aðgang að örbylgjuofni og samlokugrilli. Eldri nemendur hafa einnig aðgang að heitu vatni. Upplýsingar um matseðla er að finna á heimasíðu skólans, www.bildudalsskoli.is.

Nemendur eiga að temja sér góðar reglur í matsal sem og annars staðar innan skólans. Skólareglur eiga við á öllum stöðum alltaf:

Ganga hljóðlega um og sýna tillitssemi.

Snæða við borð sem eru í matsalnum.

Ganga snyrtilega frá borðum, skila diskum og áhöldum á vagna og henda rusli.

Vegamót elda einnig fyrir leikskólann og færa þeim matinn þangað.

Námsgögn

Öll námsgögn sem nemendur þurfa í skólann eru greidd og sköffuð af sveitarfélaginu. Nemendur þurfa þó að útvega sér viðeigandi íþrótt- og sundfatnað. Hver nemandi á mið- og unglingastigi hefur fartölvu til afnota.

Frístund

Frístund er starfrækt við Bíldadalsssskóla. Þar býðst nemendum í 1.-4. bekk að dvelja frá skólalokum til kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til klukkan 14:00. Hægt er að sækja um lengri tíma eftir klukkan 14:00 á föstudögum inná íbúagátt Vesturbyggðar. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni alla daga. Í frístundinni una nemendur inni og úti við leik og störf undir umsjón starfsmanna Frístundin er opin alla skóladaga samkvæmt útgefnu skóladagatali. Val er um að hafa nemendur í frístundinni til kl. 15:00 eða 16:00 2-5 daga í viku. Nemendur eru sendir heim að frístund lokinni. Skrá verður nemendur í mánuð í senn en ef dvöl er ekki sagt upp fyrir mánaðarmót er gert ráð fyrir áframhaldandi dvöl. Nemendur fara á íþróttæfingar og Tónlistarskólann úr frístundinni. Það hefur ekki áhrif á gjaldið. Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega. Systkinaafsláttur er samtengdur milli leikskóla, daggæslu og frístundar.

Tilkynna þarf til starfsmanns tilfallandi breytingar á dvalartíma, t.d. ef þau eru að fara annað eftir skóla eða veikindi og leyfi. Skráningu og breytingar á dvalartíma á að tilkynna með tölvupósti á liljarut@vesturbyggd.is

Skólabókasafn

Nemendur í Bíldudalsskóla hafa aðgang að bókasafni Bílddæling og aðgang að bókasafni Patreksfjarðar en lán á bókum þaðan fer í gegnum deildarstjóra Bíldudalsskóla.

Skipulag

Nemendur og kennarar

Áslaug Stella Steinarsdóttir og Emilía Sara H. Bjarnadóttir kenna 1.-5. Bekk en þar eru 13 nemendur. Anna Vilborg Rúnarsdóttir og Klara B.H.Hjálmarsdóttir kenna 10 nemendum á unglingastigi.

Skóladagatal Bíldudalsskóla

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 179 og dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags eru alls 6. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir stöðumats dagar, litlu jólin, árshátíðardagur og skólaslita dagur.

Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 20. desember til og með 2. janúar. Vetrarfrí er 28. - 29. október og 7.-10. mars. Páskaleyfi er frá og með 14. apríl til og með 21. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm starfsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 30. september, 30. október, 2. janúar, 10. febrúar og 2. maí. Skóladagatal Bíldudalsskóla og leikskólans Tjarnarbrekku er að finna á heimasíðu skólans.

Skóladagatal Bíldudalsskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann.

Með því að smella á myndina má sjá hvernig skóladögum verður fyrir komið í vetur.

Skoða skóladagatal [hér](#)

Starfsáætlun nemenda

Dags:	
20. ágúst	Skólasetning Skólasetning fer fram í skólanum, utandyra ef veður leyfir, að foreldrum viðstöddum. Að loknu ávarpi skólastjóra fer hver nemendahópur með sínum umsjónarkennara í heimastofu.
25. september	Íþróttadagur unglingastigs á Patreksfirði
9. október	Íþróttadagur unglingastigs í Bolungarvík
30. október	Nemendastýrð foreldraviðtöl
17. október	Íþróttadagur miðstigs á Bíldudal

	Nemendur miðstigs á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði hittast og keppa saman í blönduðum hópum í nokkrum íþróttagreinum. Dagurinn endar á pizzahlaðborði og sundi ef hægt er.
22. október	Bleikur dagur
23. október	Alþjóðlegi Kabuki dagurinn – grænn dagur
30. október	Nemendaviðtöl
31. október	Hrekkjavaka
3.-4. nóvember	Vetrarfrí – grunnskóli Skráningardagar - leikskóli
10. nóvember	Baráttudagur gegn einelti (8. nóvember) Viðburður eða táknrænn atburður sem hvetur til jákvæðra samskipta og efla vináttu og deila myndum á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #dagurgegneinelti
17. nóvember	Dagur íslenskrar tungu (16. nóvember) Allir árgangar vinna verkefni í tengslum við daginn.
20. nóvember	Haldið uppá dag mannréttinda barna. UNESCO
19. desember	Litlu jólin
22. desember – 5. janúar	Jólafrí grunnskólans Leikskólinn: 22.-23. des og 29.-31. des. og 2. janúar eru skráningardagar
6. febrúar	Dagur leikskólans
13. febrúar	Nemendastýrð foreldraviðtöl
18. febrúar	Öskudagsgleði Hefðbundin kennsla er til kl. 10, en þá fer fram dagskrá með leikjum, dansi og „kötturinn er sleginn úr tunnunni“. Að því loknu heimsækja nemendur og kennarar fyrirtæki og stofnanir þar sem sungið er í skiptum fyrir sælgæti.
19.-20. febrúar	Vetrarfrí grunnskólans Skráningardagar á leikskólanum
11.-15. mars	Foreldraviðtöl á Klifi
13. mars	Dagur stærðfræðinnar (14. mars)
26. mars	Árshátíð, uppskeruhátíð sköpunarlotu Dagana fyrir árshátíðina eru æfingar og undirbúningur bæði í skólanum og Baldurshaga.
30. mars. – 6. apríl	Páskafrí í grunnskólanum Skráningardagar á leikskólanum: 30.-31. mars og 1. apríl
16. apríl	Íþróttadagur miðstigs í Vesturbyggð

2.-4. júní	Vordagar Nemendur taka þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem lögð er áhersla á útivist og náttúruvernd. Þessir dagar eru skertir.
5. júní	Skólaslit grunnskólans
6. júní – 31. júlí	Sumarleyfi leikskólans

Stóra upplestrarkeppnin

Á degi íslenskrar tungu hefst undirbúningur stóru upplestrarkeppninnar hjá nemendum í 7. bekk. Um vorið fer svo sjálf keppnin fram og sjá grunnskólarnir í Vesturbyggð og Tálknafirði um hana til skiptis. Nemendur fá texta til að æfa sig undir stjórn umsjónarkennara. Þrjú efstu sætin í stóru upplestrarkeppninni fá verðlaun. Kennarar vinningshafa fá viðurkenningarskjal. Menningar- og ferðamálafulltrúi Vesturbyggðar skipuleggur viðburðinn.

Íþróttamót

Sameiginleg íþróttamót eru haldin fyrir nemendur í grunnskólum Vesturbyggðar og Tálknafirði. Mótin eru haldin til skiptis á stöðunum og farið í rútu á milli. Íþróttamót fyrir 8.-10. bekk eru haldin að hausti og fyrir nemendur í 5.-7. bekk að vori. Nemendum er blandað í lið óháð skóla. Ekki er önnur kennsla hjá viðkomandi nemendum þennan dag en kennarar taka þátt í vinnu við mótin. Íþróttakennarar skipuleggja.

Valgreinar

Valtímar eru 7 kennslustundir á viku og eru nemendur beðnir um að velja í 1. eða 2. sæti eftir áhuga. Þrátt fyrir að valgreinar gefi nemanda meira val um nám sitt eru gerðar sömu kröfur til hans í valgreinum og öðrum greinum.

Val utan skóla: Heimilt er samkvæmt Aðalnámskrá að fella niður allt að 4 tíma, 160 mínútur úr vali vegna þátttöku nemenda í skipulögðu tómstunda- og æskulýðsstarfi óski nemendur og foreldrar eftir því. Foreldrar bera alfarið ábyrgð á því að nemendur stundi slíkt og skili staðfestingu óski skólinn eftir því. Að hausti þarf að skila staðfestingu á að nemandinn leggi stund á starf sem meta má og síðar á skólaárinu er kallað eftir upplýsingum um frammistöðu og ástundun nemenda í metna valinu.

Þegar nemandi velur sér námsgreinar eru þeir beðnir um að hafa eftirfarandi í huga:

- framtíðaráform
- áhugasvið
- styrkleika

Ef nemendur þurfa einhverra hluta vegna að skipta um valgrein þegar liðið er á skólaárið skal óska eftir því við skólastjóra og það er þá gert í samráði við foreldra. Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Gerðar eru kröfur til nemenda í samræmi við aldur þeirra og hæfni eins og í öðrum greinum. Valið er í samráði við foreldra, þegar nemandinn er búin/nn að velja skrifa foreldrar undir valið.

Valgreinar haustönn
Íþróttæfingar hjá Herði eða HHF – utanskólaval
Líkamsrækt - utanskólaval
Tónlistarskóli Vesturbyggðar - utanskólaval

Illverk í aldanna rás
Leikjaval í Byltu
Borðspil
Föndur og fikt
Minecraft Education
Duolingo

Stundaskrá 2025-2026

Í stundatöflu Bíldudalsskóla eru kennslustundir ýmist 40 eða 60 mínútur. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:30 og síðustu kennslustundum er lokið kl. 15:30. Hádegishlé er 30 mínútur og hefst kl. 12:10 hjá öllum nemendum. Á morgnana eru einar frímínútur, kl. 9:50 -10:10. Eftir hádegi er hlé kl. 14:00-14:10. 1.-5. bekkur eru úti í frímínútum en 8.-10. bekkur getur valið að vera inni.

Á öllum stigum eru námsgreinar að hluta til samþættar og kallast þær kennslustundir lota og eru samþætting íslensku, samfélags-, náttúru-, valgreina og upplýsinga og tæknimenntar. Kjarni er íslenska og svo eru sérstakir stærðfræði-, náttúrufræði-, samfélagsfræði og listgreinatímar ásamt íþróttum og sundi. Lögð er sérstök áhersla á íslensku og stærðfræði. Skólaárið skiptist í 6 vikna lotur sem helgast af grunnþáttum menntunar.

Eftir hverja lotu er námsmat byggt á hverjum áhersluþætti. Heildarskipulag og kennsluáætlanir eru aðgengilegar í námsvísi skólans. Sjá námsvísi 2025-2026 [hér](#).

Foreldrasamskipti

Haustfundur er haldinn með foreldrum fljótlega eftir að skóli byrjar eða í september. Þá eru hæfniviðmiðin og námsloturnar kynntar ásamt áhersluþáttum skólaársins. Á föstudögum eru rafræn fréttabréf send til foreldra með helstu viðburðum líðandi viku með áherslu á námslega þætti. Allir kennarar eru með fasta viðtalstíma og eru foreldrar hvattir til að hafa samband hvort sem er í síma eða tölvupósti.

Nemendaviðtöl

Nemendaviðtöl fara fram tvisvar sinnum á skólaári, að hausti og vori. Viðtölin eru að hluta til nemendastýrð. Nemendastýrð viðtöl með foreldrum/forsjáraðilum geta verið afar valdeflandi og undirstrikað áhrif og ábyrgð nemenda á eigin námi. Skipulag nemendastýrðra viðtala með foreldrum/forsjáraðilum tekur eðlilega mið af þroska og reynslu nemenda. Viðtölin þarf að undirbúa vel svo öllum nemendum sé ljóst hvaða væntingar séu gerðar til þeirra. Með hverju árinu er svo bætt við fleiri áhersluþáttum. Samræður nemenda og kennara um það sem ætti að einkenna gott viðtal eru nauðsynlegar en í kjölfarið eru útbúin viðmið fyrir viðtal með forsjáraðilum. Send eru fundarboð til foreldra/forsjáraðila. Nemendur fá tækifæri til að velja viðeigandi gögn til að sýna á fundinum og undirbúa kynninguna. Fyrir fundinn eru öll gögn til staðar og búið að fara yfir markmið og skipulag fundarins.

Tilgangur fundarins er sá að umsjónarkennari og nemandi geri foreldrum/forsjáraðilum grein fyrir þeim markmiðum sem nemandinn stefnir að, hvar hann er staddur í tilteknum áhersluþáttum og hvað þurfi að gera til að brúa bilið þar á milli. Kennari heldur sig til hlés meðan á kynningu nemandans stendur, grípur aðeins inn í ef nauðsynlegt er og svarar spurningum sem beint er til hans. Foreldrar/forsjáraðilar fá tækifæri til að spyrja nemandann og kennarann út í námið, sjá dæmi um framfarir og ræða mál. Hugsanlega geta foreldrar/forsjáraðilar bent nemandanum á lausnir sem geta falist í aðstoð heima fyrir. Nemandinn getur einnig gengið með foreldrum/forsjáraðilum sínum um stofuna eða skólann til að sýna þeim fleiri verkefni. Eftir því sem nemendur þroskast og reynsla þeirra

eykst bætast fleiri námsgreinar og áherslupættir við en hlutverk kennarans er fyrst og fremst fólgið í því að undirbúa nemendur fyrir markvisst samtal og vera tilbúnir að svara spurningum foreldra sem upp kunna að koma.

Það fer eftir stigum hvað fer fram í hverju viðtali fyrir sig en það er alltaf ákveðinn rammi sem afmarkar viðtölin. Nemendaviðtal að hausti byggir á fyrstu lotunni og þeim markmiðum sem nemendur setja sér. Markmiðum vetrarins er svo fylgt eftir í samtölum við nemendur. Nemendastýrða viðtalið að vori byggir á stöðu hæfniviðmiða og markmiðasetningu. Fyrirkomulag nemendastýrðra foreldraviðtala er ætlað að virkja og valdefla nemandann með það að markmiði að auka trú hans á eigin getu. Markmiðið er að nemandinn geti haft áhrif á og tjáð sig um nám sitt, viti hvar hann er staddur, hvert hann stefnir og hvað er góður árangur.

Mannauður

Í Bíldudalsskóla og á leikskólanum Tjarnarbrekku eru í allt 17 starfsmenn en það eru skólastjóri, deildarstjóri/sérkennari, fjórir kennarar, þrír stuðningsfulltrúar sem einnig starfa í frístund, ræstitæknar og þrír starfsmenn Tjarnarbrekku. Þá eru einnig einn stundakennari sem kennir nemendum sund á Tálknafirði og einn stundakennari sem kennir nemendum íþróttir í Byltu. Í mötuneyti skólans í Baldurshaga starfar einn starfsmaður en matur kemur frá Vegamótum. Eftirtaldir starfsmenn starfa við Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku skólaárið 2025-2026:

Nafn	Starfsheiti	Netfang:
Anna Vilborg Rúnarsdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. bekkjar	annavilborg@vesturbyggd.is
Áslaug Stella Steinarsdóttir	Umsjónarkennari 1.-5. bekkjar	aslaug@vesturbyggd.is
Ásta Björk Hermannsdóttir	Stuðningur/frístund	asta@vesturbyggd.is
Bozena Turek	Stuðningur/frístund	bozena@vesturbyggd.is
Elínborg A. Benediktsdóttir	Leiðbeinandi Tjarnarbrekku	Elinborg@vesturbyggd.is
Emilía Sara H. Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 1.-5. bekkjar	emilia@vesturbyggd.is
Ewelina Broniszewska	Ræsting	Ew.broniszewska@wp.pl
Izabela Niecikowska	Ræsting	Izabela.niecikowska@op.pl
Jóna Sigríður Runólfssdóttir	Aðst. matráður	jona@smart.is
Klara B. H. Hjálmarsdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. bekkjar	klaraberglind@vesturbyggd.is
Kristrún Inga Óskarsdóttir	Stuðningur/frístund	
Lára Þorkeldsdóttir	Deildarstjóri Tjarnarbrekku	lara@vesturbyggd.is
Lilja Rut Rúnarsdóttir	Skólastjóri/Leikskólastjóri	liljarut@vesturbyggd.is
Marion Worthmann	Sundkennari	marion@vesturbyggd.is
Pawel Florczyk	Íþróttakennari	pawel@vesturbyggd.is
Rut Ólafsdóttir	Leikskólaliði/öryggisfulltrúi	rut@vesturbyggd.is
Signý Sverrisdóttir	Deildarstjóri/sérkennari	signy@vesturbyggd.is

Starfslýsingar allra starfsmanna eru til en það á eftir að setja þær á heimasíðuna, það verður gert í haust.

Trúnaðarmaður kennara: Klara Berglind Húnfjörð Hjálmarsdóttir

Öryggistrúnaðarmaður: Lilja Rut Rúnarsdóttir


Öryggisvörður: Skólastjóri

Fulltrúi kennara í fjölskylduráði: Signý Sverrisdóttir

Fulltrúi almennra starfsmanna í fjölskylduráði: Bozena Turek

Fulltrúi starfsmanna leikskóla: Rut Ólafsdóttir

Stjórnskipulag skólans, skipurit



Skólastjóri

Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs Vesturbyggðar. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og veitir skólanum faglega forystu.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. 9.gr. laga nr. 91 frá 2008) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreklamum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Við Bíldadalsskóla og Tjarnarbrekku starfar skóla- og foreldraráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skóla- og foreldraráðs. Hann situr í ráðinu og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skóla- og foreldraráði:

- Einn fulltrúi foreldra frá báðum skólastigum
- Einn fulltrúi kennara frá báðum skólastigum
- Einn fulltrúi annars starfsfólks
- Tveir fulltrúar nemenda

- Einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Foreldra- og skólaráð veturinn 2025-2026:

Lilja Rut Rúnarsdóttir, skólastjóri
Signý Sverrisdóttir, fulltrúi kennara
Rut Ólafsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla
Nanna Sjöfn Pétursdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
Ásdís Snót Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólans
Erla Rún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólans
Bozena Turek, fulltrúi annars starfsfólks
Hildur Ása Gísladóttir, fulltrúi nemenda
Mardís Ylfa Björnsdóttir, fulltrúi nemenda

Starfsáætlun skólaráðs má finna [hér](#)

Foreldrafélag

Samkvæmt 9. gr. Grunnskólalaga stendur eftirfarandi um foreldrafélag. Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Foreldrafélagið heldur aðalfund á hverju hausti þar sem farið er yfir áherslur vetrarins. Foreldrar skipta með sér verkum í þeim verkefnum sem þeir vinna í samráði við skólana sem og að fara yfir þau mál sem eiga við hverju sinni.

Stjórn foreldrafélags veturinn 2025-2026:

- Elva Mjöll Hauksdóttir, formaður
- Elfar Steinn Karlsson, gjaldkeri
- Erla Rún Jónsdóttir, ritari

Nemendafélag – og nemendaráð

Nemendafélag 10. gr. grunnskólalaga fjallar um nemendafélag og kemur eftirfarandi fram: Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, meðal annars um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. Nemendur kjósa í stjórn félagsins og hafa þær starfsreglur gilt undanfarin ár að formaður komi úr 10. bekk, ritari úr 9. bekk og meðstjórnandi úr 8. bekk. Samsetning nemendaráðs fer alltaf eftir samsetningu árganga hvert ár. Sú breyting var gerð í ár að í stað ritara er einungis formaður og þrír meðstjórnendur. Gert er ráð fyrir að ráðið fundi reglulega með umsjónarmanni nemendaráðs og að haldin sé fundargerð sem er birt á heimasíðu skólans.

Skipan nemendaráðs veturinn 2025-2026:

- Formaður: Hildur Ása Gísladóttir, 10. bekk.
- Meðstjórnandi: Mardís Ylfa Björnsdóttir, 10. bekk.
- Meðstjórnandi: Ottó Hrafn Valdimarsson, 9. bekk.
- Meðstjórnandi: Elísa Lára Fannarsdóttir, 8. bekk.

Starfsþróunaráætlun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla.

Starfsþróun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra. Tími til starfsþróunar kennara markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum.

Starfsþróun kennara

Kennarar fylla út sérstakt eyðublað um sína eigin starfsþróun. Kennarar fylla út starfsþróunareyðublaðið eða setja í vinnustund og halda þar með utan um sína starfsþróun sjálfir. Kennarar taka samt sem áður þátt í þeim námskeiðum sem fræðslustjóri og skólastjóri leggja til í samræmi við áherslur skólans

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að starfsþróun sé sinnt og heldur utan um þá starfsþróun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá starfsþróun sem þeir taka þátt í og skila til skólastjóra en gera grein fyrir sínum símenntunar áformum í starfsþróunarviðtali. Hver og einn kennari ber ábyrgð á að meta eigin færni útfrá viðmiðum úr hæfniramma ríkisins með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, sjá nánar hér: <https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022>. Samkvæmt reglugerðinni þurfa kennarar að hafa C1 færni í íslensku til þess að geta sinnt kennslu í leik- eða grunnskólum (Evrópski tungumálaramminn).

Starfsþróun kennara

Starfsþróunaráætlun skólans ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra

Áherslur í starfsþróun 2025-2027

Áherslur í starfsþróun kennara í Vesturbyggð:

- Nurture (lýkur vorið 2027)
- Námsmat og leiðsagnarnám (samræmt verklag kennsluáætlana og skráningu á námsmati).
- Endurskoðuð hæfniviðmið Aðalnámskrár áherslupáttur skólaárið 2026-7 og endurskoðun á skólanámskrám.

Starfsþróun fer fram á starfsdögum og á vinnufundum með kennurum.

Skólabragur, skólareglur og ástundun

Samskipti og skólaandi

Leik- og grunnskólarnir í Vesturbyggð vinna eftir áherslum heillaspora um samskipti og skólaanda. Í vetur mun innleiðingarstjóri Heillaspora, Arnheiður Jónsdóttir, leiða vinnu við endurskoðun á skólareglum skólanna og viðbrögðum við þeim.

Heilsuvernd grunnskólabarna í Vesturbyggð

Heilsuvernd grunnskólabarna í Vesturbyggð er á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Markmið þessarar þjónustu er að efla heilbrigði og vellíðan nemenda og byggir hún á samvinnu við forsjáraðila, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að velferð barna.

Skólahjúkrunarfræðingur er Þórhildur María Jónsdóttir. Viðvera hennar er ein vika í mánuði og er þá auglýst með fyrirvara. Utan þessa tíma er hægt að hafa samband við Árnýju Magnúsdóttur, deildarstjóra heilsugæslunnar á Patreksfirði (arny.magnusdottir@hvest.is, sími 450-2000). Netfang skólahjúkrunarfræðings er thorhildur.m.jonsdottir@hvest.is. Allar upplýsingar eru skráðar í rafræna sjúkraskrá og eru þær ávallt ítrustu trúnaðarmál.

Ef slys verður á skólatíma veitir starfsfólk skóla fyrstu hjálp. Ef þörf er á frekari hjálp á heilsugæslu sér forsjáraðili um að fylgja barni.

Skólahjúkrunarfræðingi ber að vera upplýstur um öll börn sem eru með fötlun, langvinna sjúkdóma eða alvarlega heilsuvanda (s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma). Unnið er í samráði við foreldra og starfsfólk skóla til að tryggja aðstæður og umönnun. Samkvæmt tilmælum landlæknis eru vinnureglur um lyfjagjafir á skólatíma. Mikilvægt er að forsjáraðilar barna sem þurfa lyf á skólatíma hafi samband við skólahjúkrunarfræðing.

Mánaðarlegt skipulag fræðslu og bólusetninga

- **September:** Skimun (1. bekkur). Bólusetning MMR og HPV (7. bekkur)
- **Október:** Skimun (7. bekkur). Fræðsla: Kvíði (4. bekkur), Geðheilbrigði (10. bekkur)
- **Nóvember:** Skimun (4. bekkur). Fræðsla: Kynþroski og Endurlífgun (6. bekkur)
- **Desember:** Fræðsla: Endurlífgun (8. og 10. bekkur)
- **Janúar:** Skimun (9. bekkur). Bólusetning Repevax. Kynheilbrigði (9. bekkur)
- **Febrúar:** 6H verkefni (3. bekkur). Slysavarnir (4. bekkur). Hugrekki og sjálfsmynd (8. bekkur)
- **Mars:** „Líkaminn minn“ (1. bekkur). Tilfinningar (2. bekkur). Samskipti (5. bekkur). Ábyrgð (10. bekkur)
- **Apríl:** HPV seinni bólusetning (7. bekkur)
- **Mái:** Hjálmafræðsla (1. bekkur)

Starfsemin byggir á leiðbeiningum Próunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu og unnin er í náinni samvinnu við öll viðeigandi ábyrgðar- og samstarfsaðila. Nánari upplýsingar má finna á: [Próunarmiðstöð heilsugæslu](#), [Heilsuveru](#) og [Tilmæli landlæknis um lyfjagjafir í skóla](#)

Stoðþjónusta nemenda

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Í reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“

Sameiginlegt nemendaverndarráð – Stoðþjónustuteymi

Stoðþjónustuteymi er sameiginlegt, þverfaglegt teymi leik- og grunnskóla Vesturbyggðar. Fulltrúi frá fjölskyldusviði (fræðslu- og velferðarmál) heldur utan um fundi teymisins. Fundagerðir eru ritaðar og geymdar á öruggum rafrænum vettvangi sem aðeins fulltrúar í teyminu hafa aðgang að. Teymið fundar tvisvar í mánuði á starfstíma skólanna.

Stoðteymið sinnir jafnframt hlutverki nemendaverndarráðs skólanna. Teymið tryggir þverfaglegan stuðning, samræmingu og samræmt verklag um inngrip og stuðning við börn. Teymið tryggir samfellu í farsæld nemenda og tryggir að innan skólanna sé gripið til viðeigandi lausna í námsumhverfi nemenda samkvæmt ákveðnu verklagi.

Hlutverk stoðþjónustuteymis er að samræma stoðþjónustu við börn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Teymið hefur yfirsýn yfir mál er varða sérkennslu, sérfræðiþjónustu og forvarnir, og samhæfir aðgerðir og íhlutun milli skóla, skólaþjónustu, félagsþjónustu og annarra þjónustuaðila. Einnig ber teyminu að tryggja samfellu og eftirfylgni með stuðningi og sérfræðiþjónustu milli skóla, sem og að skipuleggja sérfræðiþjónustu, fræðslu og stoð við starfsmenn skóla.

Í teyminu eiga sæti fulltrúar skólanna og eftir þörfum eru kallaðir til aðilar á borð við sálfræðing, talmeinafræðing og náms- og starfsmálaráðgjafa. Fulltrúar heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu eiga ætíð fasta aðild að teyminu.

Í stoðþjónustuteyminu sitja einnig tengiliðir farsældar og mynda þeir megin samræmingarteymi farsældar í Vesturbyggð. Unnið er í nánú samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu að innleiðingu farsældarlaganna og samræmingu þjónustu við börn innan skóla.

Lausnateymi skóla

Hver leik- og grunnskóli hefur sitt eigið lausnateymi sem hefur það hlutverk að styðja við kennara í að mæta þörfum nemenda, móta lausnir og úrræði innan bekkjar og skólaumhverfis og tryggja faglegt samráð og áætlunargerð á forstigi. Ferlið byggir á skjalinu *Leiðir til lausna*, þar sem kennari (eða foreldri) lýsir áhyggjum sínum fyrir stjórnanda teymisins, sem kallar saman fund. Teymið leggur þá til viðeigandi aðgerðir. Ef úrræðin bera ekki árangur er málið sent áfram til stoðþjónustuteymis.

Á sama hátt getur stoðteymið vísað málum til lausnateymis hvers skóla ef ekki þykir fullreynt að aðlaga námsumhverfi nemenda áður en farið er út í flóknari inngrip með nemandanum.

Tilvísun og samráð við foreldra

Allt ferlið er unnið í samráði við foreldra. Tilvísun fer fram með sérstöku **tilvísunareyðublaði** sem foreldrar skrifa undir.

Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrá eru útbúnaðar í þeim tilvikum þar sem ljóst er að nemendur geti ekki fylgt megináherslum Aðalnámskrár grunnskóla. Einstaklingsnámskráin er sniðin að nemandanum og hans þörfum, s.s. áhugasvið, styrkleikum, náms- og félagsstöðu. Áhersla er á að setja fram stutt og metanleg markmið sem endurskoðuð með reglubundnum hætti yfir skólaárið. Sérkennari ásamt umsjónarkennara ber ábyrgð á að gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemanda. Er hún unnin í samráði við foreldra og nemendur.

Talþjálfun og sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta er á vegum Litlu kvíðameðferðarstöðvarinnar og talmeinafræðingur er á vegum Tröppu þjónustu. Skólasálfræðingar Litlu KMS gera frumgreiningar á frávikum í þroska. Einnig veita þau ráðgjöf til skóla, foreldra og barna vegna vægari frávika í hegðun og líðan.

Þegar foreldrar óska eftir sérfræðiþjónustu fyrir börnin sín fer beiðnin fyrir stoðþjónustuteymið. Ef þörf er talin á greiningarferli þá er sú leið farin en annars er farin sú leið að skoða námsumhverfi barnsins og starfsfólkið stutt til þess að efla námið og kennsluna áður en ákveðið er að fara í frekari íhlutunarferli.

Námsráðgjöf

Þegar ekki tekst að ráða námsráðgjafa við grunnskóla í Vesturbyggð er leitast við að kaupa þjónustu náms- og starfsráðgjafa í fjarþjónustu og tryggja að nemendur fái í það minnsta lágmarksþjónustu þegar skólagöngu er að ljúka. Skólaárið 2025-6 er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi í Vesturbyggð en leitað verður til starfandi náms og starfsráðgjafa til að sinna eftirfarandi þáttum með fjarviðtölum og fræðslu.

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.

Áætlanir og stefnur

Móttaka nýrra nemenda

Áætlun um móttöku nýrra nemenda var endurskoðuð nú í haust. Áætlunin er samræmd og gildir fyrir leik- og grunnskóla Vesturbyggðar. [Sjá nánar með því að smella hér](#). Áætlunin var endurskoðuð haustið 2025 og verður endurskoðuð næst haustið 2027.

Læsisstefna

Markmið með læsisstefnu skólans er að nemendur sýni ásættanlegar framfarir á milli ára og er það markmið skólaársins 2024 – 2025 sem áður fyrr. Gerð var [sameiginleg læsisstefna leik- og grunnskólanna í sveitarfélaginu](#) og þar hefur enn fremur verið sett marmið um að nemendur Vesturbyggðar verði ekki meira en +/- 10% frá lesfímiviðmiðum MMS og verði skólaárið 2024-2025 jafnframt markmið Patreksskóla. Sameiginleg læsisstefna skóla í Vesturbyggð verður endurskoðuð í vetur.

Yfirlit um kannanir og skimanir er að finna í sameiginlegri [læsisstefnu Vesturbyggðar](#) sem gildir þar til ný stefna verður til.

Hér er yfirlit yfir endurskoðun helstu áætlana í leik- og grunnskólum Vesturbyggðar. Áætlunin verður endurskoðuð í heild sinni á skólaárinu 2025-6 en þær áætlanir sem fyrirhugað er að endurskoða í vetur samkvæmt þessari áætlun, verða endurskoðaðar.

Heiti áætlana:	Endurskoðað síðast	Endurskoðun næst:
Skólareglur	í vetur	næst 2027
Stoðþjónusta lýsing og fyrirkomulag	Haust 2025	Haust 2028
Eineltisáætlun nemenda	Haust 2026	Haust 2028
Fíkniforvarnaráætlun	Haust 2026	Haust 2028
Áætlun um innra mat	Haust 2025	Haust 2026
Jafnréttisáætlun	Vor 2026	Vor 2028
Læsisstefna skóla í Vesturbyggð	Haust 2025	Haust 2027
Móttökuáætlun nemenda - Nýir nemendur - Nemendur með annað móðurmál en íslensku - Nemendur með sérstakar þarfir	Haust 2025	Haust 2027
Starfsþróunaráætlun	Ágúst 2025	Ágúst 2027
Skimanir í grunnskólum Vesturbyggðar og námsmatsstefna	Vor 2026	Vor 2028
Skólareglur	Haust 2025	Haust 2027
Starfsmannahandbók	Vor 2026	Vor 2028
Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn	Vor 2026	Vor 2028
Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	Vor 2026	Vor 2028

Viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna	Haust 2027	Haust 2029
---	------------	------------

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun verður endurgerð þegar skólastarf hefst í nýjum skóla í vetur. Í augnablikinu gilda þær rýmingaráætlanir sem eru til staðar í þeim byggingum sem skólinn starfar í.

Viðbrögð við óveðri

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn, hér eftir nefndir forsjáraðilar, fylgist vel með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum tilmælum frá yfirvöldum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barna og bregðist við í samræmi við aðstæður hverju sinni. Veðurfar og aðstæður geta verið mismunandi eftir hverfum og breyst skjótt með ófyrirséðum hætti.

Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, t.d. ef bifreið er ekki búin til vetraraksturs. Leiðbeiningar þessar eiga við „yngri börn“, það er börn yngri en 12 ára. Athugið að hér er aðeins um viðmið að ræða sem er háð mati forsjáraðila.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki niður nema tilkynnt sé um það sérstaklega. Í upphafi skóladags getur tafist að fullmanna skóla og mega forsjáraðilar þá búast við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáraðilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel. Forsjáraðilar leggja ávallt sjálfir mat á það hvort fylgja þurfi barni í eða úr skóla vegna veðurs, óháð því hvort tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti forsjáraðilar aðstæður svo að ekki sé óhætt fyrir börn þeirra að sækja skóla skulu þeir tilkynna skólanum um það sem lítur þá á tilvikið sem eðlilega fjarvist. Sama gildir ef börn eða forsjáraðilar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa.

Upplýsingar um viðvörunarkerfi Veðurstofunnar eru að finna [hér](#).

Viðbrögð við óveðrum er að finna í heild sinni [hér](#) og er birt með góðfúslegu leyfi Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Áfengis- og fíknivarnir

Grunnskólarnir vinna eftir samræmdri áfengis- og fíknivarnaráætlun. Textinn verður endurskoðaður vorið 2027. Sjá nánari upplýsingar hér [Áfengis- og fíknivarnir](#)

Eineltisáætlun

Umsjónarkennari ber alltaf ábyrgð á sínum nemendum, en fær til liðs við sig eineltisteymi, námsráðgjafa og skólaþjónustuteymi (nemendaverndarráð) eins og þörf er fyrir hverju sinni. Í skólanum er starfandi eineltisteymi, auk þeirra taka sæti í teyminu umsjónarkennarar þess bekkjar/árgangs sem einelti kemur upp í hverju sinni. Hlutverk eineltisteymisins er að halda utan um og aðstoða við vinnslu mála ásamt umsjónarkennara. Enn fremur er teyminu ætlað að vera kennurum til ráðgjafar varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir hvað varðar einelti. Eineltisáætlun Bíldudalsskóla er að finna [hér](#).

Í eineltisteymi Bíldudalsskóla eru:

Lilja Rut Rúnarsdóttir, skólastjóri
Signý Sverrisdóttir, deildarstjóri og umsjón stoðþjónustu
Viðkomandi umsjónarkennari

Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýir nemendur koma í skólann er tekið á móti þeim samkvæmt móttökuáætlun. Móttökuáætlun skólans var endurskoðuð 29. september 2025.

Móttaka nýrra nemenda

Öryggisáætlun

Öryggisáætlun fyrir Bíldadalsskóla er að finna hér: [Öryggisáætlun fyrir Bíldadalsskóla](#)

Áætlanir og stefnur

Hér er yfirlit yfir endurskoðun helstu áætlana í leik- og grunnskólum Vesturbyggðar. Áætlunin verður endurskoðuð í heild sinni á skólaárinu 2025-6 en þær áætlanir sem fyrirhugað er að endurskoða í vetur samkvæmt þessari áætlun, verða endurskoðaðar.

Heiti áætlanna:	Endurskoðað síðast	Endurskoðun næst:
Áætlun um sérstakan stuðning , stoðþjónusta	Haust 2025	Haust 2027
Eineltisáætlun nemenda	Haust 2026	Haust 2028
Fíkniforvarnaráætlun	Haust 2026	Haust 2028
Áætlanir um innra mat	Haust 2025	Haust 2026
Jafnréttisáætlun	Vor 2026	Vor 2028
Læsisstefna skóla í Vesturbyggð	Haust 2025	Haust 2027
Móttökuáætlun nemenda - Nýir nemendur - Nemendur með annað móðurmál en íslensku - Nemendur með sérstakar þarfir	Haust 2025	Haust 2027
Starfsþróunaráætlun	Haust 2025	Haust 2027
Skimanir í grunnskólum Vesturbyggðar og námsmatsstefna	Vor 2026	Vor 2028
Skólareglur	Haust 2025	Haust 2027
Starfsmannahandbók	Vor 2026	Vor 2028
Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn	Vor 2026	Vor 2028
Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	Vor 2026	Vor 2028
Viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna	Haust 2027	Haust 2029
Skólareglur	Skólaárið 2025 - 2026	Haust 2027
Starfslýsingar	Vor 2026	Haust 2028
Öryggishandbækur leik- og grunn	Vor 2026	Haust 2028

Innra mat

Með innra mati er lagt mat á hvernig starfsfólk skólans stendur sig og við matið horft til viðmiða sem sett eru um gæði skólastarfs. Innra mats teymi vinnur í nánú samstarfi við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra matsins.

Langtímaáætlun innra mats til fimm ára er að finna [hérna](#). Gott innra mat er kerfisbundið og er framkvæmt með reglubundnum hætti. Góð leið til þess að kerfisbinda innra mat er að matshópurinn vinni eftir ítarlegri ársáætlun um innra mat.

Áherslur vetrarins í innra mati skv. langtímaáætlun er stjórnun og fagleg forysta

- Samvirkni í stefnumótun
- Faglegt samstarf og samræða
- Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- Umbætur og innleiðing breytinga
- Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- Starfsmannastjórnun og verkaskipting
- Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks

Dagsetningar	Hvað á að gera
Sep 8, 2025	Samþykkja áherslur í innra mati í vetur
Oct 6, 2025	Djúpkafa í stjórnun og fagleg forysta
Oct 27, 2025	Foreldrakönnun
Nov 3, 2025	Rýna í starfshætti í forvarnarmálum
Nov 20, 2025	Nemendaping - Bara nemendur
Nov 3, 2025	Starfsmannakönnun - stjórnun og fagleg forysta
Nov 10, 2025	Innlit í kennslustundir - Ásgarður
Nov 24, 2025	Nemendakönnun
Feb 3, 2026	Skólaping (foreldrar, kennarar og nemendur)
Mar 23, 2026	Foreldrakönnun
Mars - apríl	Innlit í kennslustundir skólastjórnendur

Lokaorð

Hjálögð er starfsáætlun Bíldadalsskóla. Það eru spennandi tímar á Bíldadal og mikil spenna fyrir opnun nýs skóla. Ýmislegt mun þarfnast endurskoðunar við flutning í varanlegt skólahúsnaði eins og rýmingaráætlun og nýting rýmisins yfir höfuð. Það verður spennandi verkefni að vinna með leik- og grunnskólann loksins undir sama þaki og spennandi tækifæri til skólaþróunar.

Virðingarfyllt,

Lilja Rut Rúnarsdóttir

Skólastjóri Bíldadalsskóla